

## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** María B. Hermannsdóttir, fjármálastjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

### **Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heildarkostnað vegna stafrænnar umbreytingar Reykjavíkurborgar**

Á fundi stafræns ráðs þann 25. september 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 10. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Vísað er til svars þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem lagt var fram undir 10. lið fundargerðar stafræns ráðs þann 28. ágúst sl. um heildarkostnað vegna stafrænnar umbreytingar Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvernig merkingum fjárheimildarbeiðna er háttáð hjá þjónustu og nýsköpunarsviði? Óskað er upplýsinga um allar og hversu margar tegundir merkinga fjárheimilda eru til staðar hjá þjónustu og nýsköpunarsviði? Hvað heita merkingarnar og hvaða bókhaldslyklar tilheyra hverri merkingu fyrir sig? Einnig er óskað upplýsinga um hvaða merkingar eða bókhaldslyklar eru það sem reiknaðir voru saman til þess að fá þær heildarupphæðir sem gefnar voru upp í svarinu sem lagt var fram.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 26. september 2024

#### **Svar:**

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvernig merkingum fjárheimildarbeiðna er háttáð hjá þjónustu og nýsköpunarsviði? Óskað er upplýsinga um allar og hversu margar tegundir merkinga fjárheimilda eru til staðar hjá þjónustu og nýsköpunarsviði?*

Kostnaðarstaðurinn 2102 tilheyrir þjónustu- og nýsköpunarsviði og heldur hann utan um heildarkostnað stafrænnar umbreytingar sviðsins. Undir þennan kostnaðarstað falla 11 klasar sem tilheyra þjónustu- og nýsköpunarsviði: 20157, 20841, 80001, 80009, 80014, 80015, 80016, 80018, 80019, 80020 og 80021.

*Hvað heita merkingarnar og hvaða bókhaldslyklar tilheyra hverri merkingu fyrir sig?*

Klasarnir heita:

20157 Borgartún 12 - 14

20841 Rafrænt þjónustuver

80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi

80009 Endurnýjun tölvubúnaðar

80014 Rafvæðing ferla

80015 Tölvubúnaður í grunnskólum



80016 Stjórnsýsluhúsin / aðgangskerfi-stýringar  
80018 Rannsóknir og nýsköpun  
80019 Upplýsinga- og gagnastýring  
80020 Hönnun og umbreyting þjónustu  
80021 Notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir

Bókhaldslyklarnir 4000-4999 (tekjulyklar) og 5000-5899 (gjaldalyklar) tilheyra öllum klösunum.

*Einnig er óskað upplýsinga um hvaða merkingar eða bókhaldslyklar eru það sem reiknaðir voru saman til þess að fá þær heildarupphæðir sem gefnar voru upp í svarinu sem lagt var fram.*

Bókhaldslyklarnir 4000-4999 (tekjulyklar) og 5000-5899 (gjaldalyklar) voru notaðir til að reikna saman þær heildarupphæðir sem gefnar voru upp í svari stafræns ráðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heildarkostnað vegna stafrænnar umbreytingar Reykjavíkurborgar sbr. 10. lið fundargerðar ráðsins frá 28. ágúst 2024. Heildarkostnaður stafrænnar umbreytingar þjónustu- og nýsköpunarsviðs á tímabilinu 2019-2024 (janúar - júní) var 12,8 ma.kr. á meðan heildarfjárheimild stafrænnar umbreytingar á sama tímabili var kr. 13,6 ma.kr. Sjá skiptingu heildarkostnaðar stafrænnar umbreytingar sviðsins niður á klasa og ár í töflunni hér fyrir neðan.

Yfirlit yfir fjárfestingu ÞON 2019 - 2024		2019		2020		2021		2022		2023		2024 janúar - júní	
Klassi nr.	Klassi	Raun	Esk. áætlun	Raun	Esk. áætlun	Raun	Esk. áætlun	Raun	Esk. áætlun	Raun	Esk. áætlun	Raun	Esk. áætlun
20157	Borgartún 12 - 14	21.124.030	20.000.000	19.870.381	20.000.000	11.489.977	25.000.000	80.487.951	75.000.000	112.723.345	105.000.000	35.256.389	19.998.000
20841	Rafrænt þjónustuver	157.963.895	160.000.000	160.256.610	160.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0
80001	Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi	365.357.596	500.000.000	513.513.900	678.000.000	614.158.787	903.000.000	989.984.091	990.000.000	1.133.355.593	1.082.000.000	564.860.158	355.002.000
80009	Endurnýjun tölvubúnaðar	493.811.552	425.000.000	528.272.569	425.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0
80014	Ráfvæðing ferla	0	0	0	0	451.529.008	525.000.000	1.085.853.296	1.086.000.000	1.010.644.641	807.000.000	342.563.437	369.498.000
80015	Tölvubúnaður í grunnskólum	0	66.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
80016	Stjórnsýsluhúsin / aðgangskerfi-stýringar	0	0	0	30.000.000	19.795.257	30.000.000	46.725.536	30.000.000	60.466.942	55.000.000	5.747.273	7.500.000
80018	Rannsóknir og nýsköpun	0	0	0	0	0	23.000.000	0	0	0	0	0	0
80019	Upplýsinga- og gagnastýring	0	0	0	0	114.996.693	158.000.000	152.786.602	118.000.000	203.001.124	218.000.000	174.596.769	244.002.000
80020	Hönnun og umbreyting þjónustu	0	0	0	0	5.443.518	45.000.000	57.824.613	45.000.000	103.106.670	113.000.000	0	0
80021	Notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir	0	0	0	0	1.245.986.752	1.640.000.000	1.046.785.698	1.047.000.000	701.508.175	700.000.000	186.535.401	319.002.000
<b>Samtals</b>		<b>1.038.257.073</b>	<b>1.171.000.000</b>	<b>1.221.913.460</b>	<b>1.313.000.000</b>	<b>2.463.399.993</b>	<b>3.349.000.000</b>	<b>3.460.447.788</b>	<b>3.391.000.000</b>	<b>3.324.806.491</b>	<b>3.080.000.000</b>	<b>1.309.559.428</b>	<b>1.315.002.000</b>

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

María B. Hermannsdóttir,  
fjármálastjóri